

EFTIRLITSSKÝRSLA

Steinull hf Sauðárkrókur



Dags eftirlits	9.9.2014	Fulltrúi UST	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Steinull hf	Fulltrúi UST	Gottskálf Friðgeirsson
Heimili	Skarðseyri 5	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	590183-0249	Flokkur	Verksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Einar Einarsson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis	Guðmundur Örn Guðmundsson	Staðsetning	470210,864 584942,812

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram við eftirlit en gerð var ein athugasemd við afmörkun svæðis sem notað er til hráefnisgeymslu.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skiladaga skv. því.

Ekkert frárennsli kemur frá verksmiðjunni ef frá er talið frárennsli frá starfsmannaaðstöðu. Allt affallsvatn er leitt í lokað endurnýtingarkerfi. Öll olíuskipti á vélum fara fram á viðurkenndum verkstæðum.

Skv. gr. 3.1. í starfsleyfi skulu mengunarmælingar í útblæstri fara fram annað hvert ár. Mælingar voru gerðar í desember 2013 og voru niðurstöður þeirrar mælingar allar innan marka starfsleyfis. Amín hvatar eru ekki notaðir í bindiefnablöndurnar svo engar mælingar eru gerðar á Amín í útblæstri.

Minnt er á skráningar skv. gr. 3.2. í starfsleyfi.

Búið er að skila inn Grænu bókhaldi og Útstreymisbókhaldi og ekki gerðar athugasemdir þar.

Farið var yfir sorpmál og jarðgerð. Enginn úrgangur er sendur í urðun á vegum fyrirtækisins. Afgangsefni og gjall er mulið og endurnýtt og steinull til síunnar á útblæstri er jarðgerð á lóð fyrirtækisins. Jarðgerðin gengur vel og er moltan geymd á lóð fyrirtækisins og einhverju hefur verið keyrt upp á gamlan urðunarstað við bæinn og nota á hana sem yfirlag. Bent er á að athuga þarf hvort sú aðstaða sem notast er við í dag sé starfsleyfisskild hjá Heilbrigðiseftirliti.

Lokið hefur verið við yfirbyggingu á gjallmöluninni.

Verið er að skoða nánari útfærslu á forðageymslum utandyra. Í dag eru þær afmarkaðar með gámastæðum en eru opnar fyrir veðri og vindum. Aðeins mátti greina fok á plani en að sögn rekstraraðila þá var verið að sigta skeljasand á lóð steypustöðvarinnar, sem stendur við hlið verksmiðjunnar og fokið að mestu þaðan komið. Frágangur lóðar var snýrtilægur.

Rætt var um stöðuna á lóðarmálum frá því í fyrri skýrslum. Skv. gr. 2.6 í starfsleyfi ber að takmarka aðgang óviðkomandi og geymsla hráefna vera á afmörkuðu svæði. Til stendur að girða lóðina af og varna með því óviðkomandi umferð um svæðið, en ekki hefur verið hægt að hefja þá vinnu þar sem lóðamálin eru ófrágengin hjá sveitarfélaginu. Nú er komin niðurstaða í þau mál og beðið er eftir að fyrirtækinu verði úthlutað lóðarmörk. Stefnt er að uppsetningu girðingar næsta sumar.

ATHUGASEMDIR

Athugasemd er gerð hvað varðar gr. 2.6 í starfsleyfi en geymsla hráefna skal vera á afmörkuðu svæði þar sem aðgangur óviðkomandi er takmarkaður. Beðið hefur verið eftir að skipulagsvinnu hjá Sveitarfélaginu, varðandi nærliggjandi lóðir sé lokið og ákvörðun tekin um lóðarmörk fyrirtækisins. Nú sér fyrir endann á þeirri vinnu og stefnt er að uppsetningu girðingar næsta sumar.

ANNAÐ


Gott viðhald hefur verið á verksmiðjunni á árinu og mikið af tækjum og búnaði endurnýjuð eða uppgerð og stefnt er á að sú vinna haldi áfram.

Engar kvartanir hafa borist rekstraraðila eða heilbrigðisnefnd varðandi starfsemi fyrirtækisins og engin óhöpp hafa orðið á árinu.

Viðstaddur eftirlitið var einnig Rafn Ingi Rafnsson og frá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra var Sigríður Hjaltadóttir

12.09.2014

Reykjavík,



Guðbjörg Stella Árnadóttir

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.